

6. gr.

Peningar þeir, sem hjúkrunarheimilið kann að eiga eða eignast, skulu jafnóðum ávaxtaðir í bönkum, sparisjóðum eða ríkistryggðum skuldabréfum. Verði einhver dráttur á framkvæmdum skal verðtryggja sjóði stofnunarinnar eftir því sem unnt er.

7. gr.

Fulltrúaráð setur reglur fyrir hjúkrunarheimilið.

8. gr.

Komi að því, að fulltrúaráðið eða stjórnin, sbr. 9. grein, sjái sér ekki fært að reka hjúkrunarheimilið áfram, gefi hún bæjarstjórn Kópavogs kost á því að taka að sér heimilið og allan rekstur þess og yrði þá stofn að sjúkrahúsi í Kópavogi, en hafni hún því boði, fellur hjúkrunarheimilið með öllum eignum þess til ríkisspítalanna í þágu þjónustu við aldraða og sjúka í Kópavogi.

9. gr.

Fulltrúaráðið getur samþykkt að gefa nýjum félögum kost á að gerast aðilar að sjálfseignarstofnuninni og tilnefna fulltrúa í fulltrúaráð hennar ef $\frac{1}{4}$ fulltrúaráðsmanna samþykkja það.

Hætti einhver stofnenda störfum (félag lagt niður) fækkar fulltrúaráðsmönnum að sama skapi þegar kjörtímabili lýkur. Verði félög þau, sem aðild eiga að sjálfseignarstofnuninni þrjú eða færri, eða félögum fækkar svo vegna ákvörðunar þeirra um að hætta afskiptum af sjálfseignarstofnuninni, fellur fulltrúaráðið niður, en stjórnin endurnýjar sig sjálf, þannig að tveir stjórnarmenn velja þriðja mann í stjórn, með sér. Verði aðeins einn aðalmaður eftir í stjórn taka varamenn þátt í vali nýrra aðalmanna í stjórn.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari getur fulltrúaráðið ekki breytt nema með $\frac{1}{4}$ atkvæða allra fulltrúaráðsmanna, en þó því aðeins að Stjórnarráð Íslands (það ráðuneyti sem fer með staðfestingar skipulagsskráa) staðfesti þær.

Ef fulltrúaráð hefur lagt niður samkvæmt ákvæðum 9. gr. kemur stjórn félagsins í stað þess varðandi þau málefni sem 1. mgr. þessarar greinar fjallar um, með þeirri breytingu, að $\frac{2}{3}$ stjórnar komi í stað $\frac{1}{4}$ hluta fulltrúaráðs.

REGLUGERÐ

um verkleg próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa.

1. gr.

Verkleg próf fyrir löggilta endurskoðendur skulu haldin af prófnefnd er ráðherra skipar.

2. gr.

Ráðherra skal skipa þrjá menn í prófnefnd.

Einn prófnefndarmaður skal skipaður eftir tilnefningu stjórnar Félags löggilta endurskoðenda, einn eftir tilnefningu viðskiptadeildar Háskóla Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Skal hann vera löggiltur endurskoðandi.

Nefndin skal skipuð til fimm ára í senn.

3. gr.

Verkleg próf skulu haldin að jafnaði á tveggja ára fresti.

Prófnefnd skal auglýsa fyrirhuguð próf með a. m. k. þriggja mánaða fyrirvara. Skulu þeir sem hyggjast þreyta prófraun tilkynna það prófnefnd a. m. k. tveim mánuðum fyrir upphaf prófa og skulu fylgja tilkynningunni skilríki fyrir því að prófmaður fullnægi skilyrðum 1.—4. tl. 2. gr. l. nr. 67/1976 til löggildingar til endurskoðunar.

Prófnefnd skal meta hvort framangreindum skilyrðum er fullnægt en mati hennar má skjóta til ráðherra.

4. gr.

Prófraunir skulu a. m. k. vera fjórar og til þess gerðar að þær sýni nauðsynlega verklega þekkingu prófmans á bókhaldi, endurskoðun og reikningsskilum svo og öðrum þáttum í störfum löggiltra endurskoðenda.

Prófverkefni skulu samin af einstökum prófnefndarmönnum eða þeim, sem nefndin felur það starf. Verkefnin skulu lögð fyrir prófnefnd til samþykktar.

5. gr.

Úrlausnir prófmannanna skulu metnar af þeim, er samdi viðkomandi verkefni, en mat hans skal lagt undir úrskurð prófnefndar.

6. gr.

Við próf skulu gefnar einkunnir eftir sama einkunnarstiga og notaður er í viðskiptadeild Háskóla Íslands, ein einkunn fyrir hverja prófraun.

Til þess að standast prófraun þarf prófmaður að hljóta einkunnina 6 í hverri prófraun og ekki lægri meðaleinkunn en 7.5 úr öllum prófraununum, miðað við núgildandi einkunnarstiga (hæsta einkunn 10, lægsta einkunn 0), eða samsvarandi einkunnir eftir öðrum einkunnarstigum.

Nú stenst prófmaður eigi prófið og er honum þá heimilt að þreyta prófraun einu sinni til, næst þegar almennt verklegt próf er haldið og skal hann þá endurtaka prófið í heild.

7. gr.

Prófnefnd skal afhenda þeim prófmönnum er standast prófraun skírteini um að þeir hafi staðist prófið.

8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í l. nr. 67/1976 öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 217/1953.

Ákvæði til bráðabirgða.

Prófnefnd skv. 2. gr. reglugerðar þessarar skal skipuð fyrir 1. júlí 1979 og fellur umboð prófnefndar þeirrar sem skipuð hefur verið eftir ákvæðum l. nr. 89/1953 og reglugerðar nr. 217/1953 úr gildi frá sama tíma.

Fjármálaráðuneytið, 4. maí 1979.

Tómas Árnason.

Árni Kolbeinsson.